

Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar 2025

Áhrif loftslags á vegakerfið – helstu áhættur og áskoranir

Verkefni styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar.


Ágrip

Loftslagsbreytingar skapa vaxandi áskoranir fyrir samgöngukerfi Íslands og krefjast markvissra aðgerða til að tryggja öryggi og viðnámsþol vegakerfisins til framtíðar.

Í þessu verkefni verður greint hvernig aukin úrkoma, ofanflóða- og flóðahætta, öfgakennt veðurfar og hækkandi sjávarstaða hafa áhrif á vegi og samgöngumannvirki Hringvegarins. Slíkir atburðir hafa bein áhrif á öryggi vegfarenda, rekstur og viðhald vega og valda oft verulegum truflunum á umferð.

Verkefnið byggir á grunni fyrri rannsóknarverkefna á þessu sviði og má þ.á.m. nefna norska verkefnið *Klima og transport*, sameiginlegt verkefni Vegsýnar og Vegagerðarinnar, sem og skýrslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis frá 2021. Þrátt fyrir mismunandi nálganir hafa niðurstöður þeirra verið mjög samhljóða. Áskoranir sem þegar blasa við munu aukast bæði í umfangi og tíðni, auk þess sem áhrifasvæðum fjölgar. Einnig munum við sjá tíðari atburði með meiri úrkomuákefð sem geta leitt til atburða líkt og flóð, skriðuföll, krapaflóð sem og aukningu í sliti á burðar- og slitlögum vega. Þá sýna rannsóknir að tafir og truflanir á samgöngum geta valdið meiri efnahagslegum skaða en innviðaskemmdirnar sjálfar, sem undirstrikar mikilvægi þess að vera undirbúin og auka seiglu vegakerfisins.

Rannsóknin byggir á greiningu og söfnun á tilbærum gögnum frá síðustu tíu árum, þar á meðal atvikaskráningu, viðtölum við yfirverkstjóra og sérfræðinga, dagbókum og veðurgögnum. Markmiðið er að meta núverandi stöðu, greina helstu áhættusvæði og leggja grunn að gagnasafni sem nýtist í markvissar aðlögunar- og mótvægisáðgerðir.



Kort 1: Dæmi um atvikaskráningar frá Vegagerðinni og Veðurstofu Íslands.

Niðurstöður sýna að flestir veðurtengdir atburðir eru á Suðausturlandi en hættur koma þó fram víða á landinu. Flóð, grjóthrun og vatnavextir eru meðal þeirra veðuratburða sem eru tíðastir á undanförunum árum. Verkefnið undirstrikar mikilvægi samræmdrar gagnaöflunar og aukinnar vöktunar sem grunn að markvissum mótvægisáðgerðum til styrktar viðnámsþrótti vegakerfisins gagnvart breytingum í loftslagi og draga úr samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum truflana.